



Öldutúnsskóli

Skólareglur og samskipti

**Umgengnis- og ástundunarreglur ásamt
skýringum á viðbrögðum ef frá þeim er vikið**

VIRÐING

VELLÍÐAN

VIRKNI

Leiðarljós í samskiptum

Í Öldutúnsskóla er lögð áhersla á gagnkvæma virðingu allra sem þar nema og starfa. Allir eiga rétt á að njóta öryggis, vera lausir við stríðni, meiðingar, hrekki og einelti.

Skólareglur Öldutúnsskóla hafa það að markmiði að skapa nemendum og starfsmönnum góðan vinnustað svo allir fái notið sín í góðum vinnufriði og hlýlegu andrúmslofti. Leitast er við að leiðbeina nemendum um ásættanlega hegðun með uppbyggilegum hætti.

Markalínur góðrar hegðunar og framkomu mótast af almennum kurteisisreglum og engum á að vera ofviða að virða þær. Reglur skólans eru byggðar upp í samræmi við einkunnarorð skólans og viðbrögð við brotum á þeim miða að því að byggja upp, stuðla að jákvæðri hegðun og rækta persónuþroska nemenda.

Ár hvert eru skólareglurnar kynntar nemendum og foreldrum. Þær eru birtar í starfsáætlun og á vefsíðu skólans

Umsjónarkennarar fjalla um þær, þýðingu þeirra og hlutverk með nemendum sínum eins oft og þurfa þykir og þær skal endurskoða reglulega.

Skólareglurnar og afleiðingar við brotum á þeim eru unnar með hliðsjón af *Lögum um grunnskóla nr. 91/2008* og *Reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum nr. 1040/2011*.

Í reglugerðinni eru skilgreind markmið sem hafa skal að leiðarljósi við gerð og úrvinnslu mála í grunnskólum. Úrvinnsluferli Öldutúnsskóla er samkvæmt þeim og þeim áherslum sem eru lagðar um réttindi og skyldur þeirra sem í skólanum nema og starfa ásamt foreldrasamfélaginu. Helstu markmiðin eru: Nemendur geti notið bernsku sinnar í öruggu umhverfi, taki ábyrgð á eigin námi, hegðun og samskiptum eftir aldri, stuðla að góðu samstarfi heimila og skóla, trausti í skólasamfélaginu, gagnkvæmri virðingu og samábyrgð. Halda uppi námsaga með hliðsjón af mannréttindum og jafnrétti. Viðbrögð við úrlausn mála ýti undir jákvæða hegðun og miðið að því að rækta persónuþroska og hæfni nemenda. Í reglugerðinni er einnig kveðið á um ábyrgð, réttindi og skyldur, nemenda, foreldra og starfsfólks og segir m.a.:

Ábyrgð, réttindi og skyldur nemenda

- Nemendum ber að hlíta fyrirmælum starfsfólks skóla.
- Nemendur eiga rétt á því að láta skoðanir sínar í ljós í málum sem þá varðar.
- Nemendur bera ábyrgð á eigin námi, framkomu sinni og samskiptum við skólasystkini sín og starfsfólk skóla.
- Nemendur skulu sækja grunnskóla nema veikindi eða önnur forföll hamli.

Ábyrgð, réttindi og skyldur foreldra

- Foreldrar bera ábyrgð á uppeldi barna sinna og bera ábyrgð á hegðun þeirra og framkomu gagnvart samnemendum og starfsfólki skóla.
- Foreldrar bera ábyrgð á námi barna sinna og ber að fylgjast með námsframvindu þeirra í samvinnu við þau og kennara þeirra.

- Foreldrum er skylt að vinna að lausn mála í samstarfi við skóla, sérfræðipjónustu og fræðslufirvöld.
- Foreldrum ber að taka þátt í meðferð máls er snertir barn þeirra.

Ábyrgð, réttindi og skyldur starfsfólks skóla

- Starfsfólk skal ávallt bera velferð nemenda fyrir brjósti og leggja sig fram um að tryggja nemendum öryggi, vellíðan og vinnufrið.
- Starfsfólki ber að stuðla að jákvæðum skólabrag og starfsanda í öllu skólastarfi.
- Skólastjórnendum og kennurum ber að eiga samstarf við foreldra um hegðun, líðan og samskipti barna þeirra.
- Starfsfólk skóla skal ávallt bera velferð nemenda fyrir brjósti.
- Umsjónarkennarar skulu upplýsa foreldra reglulega um skólabrag og bekkjarbrag og leita eftir uppbyggjandi samstarfi við foreldrahópinn um hvorutveggja.

Skólareglur

- ✚ Verum stundvís.
- ✚ Komum með öll nauðsynleg gögn og áhöld í skólann.
- ✚ Verum kurteis og sýnum ábyrgð og tillitssemi.
- ✚ Við leggjum ekki aðra í einelti.
- ✚ Göngum vel um skólann og umhverfi hans.
- ✚ Hlítum verkstjórn starfsfólks.
- ✚ Göngum hljóðlega um og spillum ekki vinnufriðnum.
- ✚ Förum vel með eigur okkar og annarra.
- ✚ Förum ekki út fyrir skólalóðina á skólatíma nema með sérstöku leyfi.
- ✚ Við notum ekki tóbak né önnur vímuefni.

Minumst þess að skólinn er vinnustaður okkar þar sem allir þurfa að taka ábyrgð á framkomu sinni og verkum.

Skólareglur, aðrar umgengnisreglur og punktakerfi Öldutúnsskóla gilda hvar sem nemendur eru á vegum skólans.

Nánari skilgreining á skólareglum, umgengni o.fl.

- ✚ Nám er vinna og til að sú vinna skili árangri ber sérhverjum nemanda að taka tillit til annarra og virða vinnufrið í kennslustundum.
- ✚ Nemanda ber að standa við þær námsáætlanir sem honum hafa verið settar, koma vel undirbúinn og mæta með þau gögn og áhöld sem til er ætlast.
- ✚ Sælgæti, tyggjó og gosdrykkir eru ekki leyfðir í skólanum nema á skólaskemmtunum. Öll neysla matar og drykkja, annarra en vatns, í kennslustofum unglunga er óheimil.
- ✚ Ipod og önnur óþörf tæki að mati kennara eru óheimil í kennslustundum. Farsímanotkun er ekki leyfð á skólatíma. Verði um misnotkun að ræða eiga nemendur það á hættu að tækin verði tekin í vörslu umsjónarkennara uns forráðamenn koma að sækja þau.
- ✚ Nemendur skulu ganga frá skóm í skóhillur eða skápa og hengja yfirhafnir í fatahengi í forstofu og/eða við kennslustofur. Skólinn tekur enga ábyrgð á fatnaði sem skilinn er eftir í forstofu, búningasklefum eða skólabíl.
- ✚ Hjólum ekki á skólalóðinni. Skiljum línuskauta og hjólabretti eftir heima. Virði nemendur þetta ekki, má búast við að þessi tæki verði tekin til vörslu og foreldrar beðnir að sækja þau. Komi nemandi á reiðhjóli/hlaupahjóli í skólann er það á hans ábyrgð og skal það geymt læst í þar til gerðum hjólastandi.
- ✚ Á skólatíma eiga nemendur ekki að fara út af skólalóðinni nema með sérstöku leyfi. Það sérstaka leyfi hafa nemendur í 8. til 10. bekk og þeir sem eiga leið í leikfimi og sund. Í hádegishléi mega þeir nemendur í yngri- og miðdeild og eiga stutt heim, fara heim með skriflegu leyfi foreldra. Skólinn getur ekki tekið ábyrgð á þeim sem fara út fyrir lóðina í heimildarleysi.
- ✚ Nemendum unglingadeildar er heimilt að vera inni í frímínútum og í matartímum svo fremi sem þeir ganga snyrtilega og hljóðlega um. Nemendur í 1. til 7. bekk eru úti í frímínútum og í matarhléi að lokinni máltíð.
- ✚ Snjókast leyfum við ekki nema sem leik á afmörkuðu svæði á lóð skólans samkvæmt leiðbeiningum starfsmanna.
- ✚ Reykingar og neysla hvers kyns vímuefna er bönnuð í skólanum, á skólalóðinni og í nágrenni skólans á skólatíma og hvar sem nemendur eru á vegum skólans. Samkvæmt landslögum er grunnskólanemendum óheimilt að neyta vímuefna og brot geta varðað brottvísun úr skólanum.
- ✚ Notkun skotelda er bönnuð í skólanum og á skólalóðinni. Verði nemandi uppvís að notkun skotelda í skólanum eða á skólalóðinni á skólatíma getur það varðað brottvísun.
- ✚ Í nemendaferðum á vegum skólans gilda skólareglurnar og gerist nemandi sekur um alvarlegt brot á skólareglum eða lögum er hann sendur heim á kostnað forráðamanna sinna.

Málsmeðferð vegna brota á reglum

Gerist nemandi brotlegur við reglur skólans er unnið samkvæmt eftirfarandi vinnureglum sem gerðar eru með hliðsjón af *Lögum um grunnskóla nr. 91/2008* og *Reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum nr. 1040/2011*.

Munnleg áminning

Nemandi er áminntur og fær tækifæri til að leiðrétta framgöngu sína. Starfsmaður rifjar upp og æfir með nemanda þá reglu sem gildir um viðeigandi framkomu.

Atvik skráð í dagbók Mentor

Fari nemandi ekki að fyrirmælum samkvæmt ofanskráðu er atvikið skráð í dagbók Mentor. Starfsmaður sem kemur fyrst að málinu leitast við að leysa það strax með samtali. Haft er samband við foreldra ef ástæða þykir til. Nemandi er upplýstur um að atvikið verði skráð og foreldrar fá skilaboð þegar skráningu er lokið. 3. grein, síðasta málsgrein.

Alvarlegt brot

Atvikið skráð og umsjónarkennari upplýstur strax. Foreldrar eru einnig upplýstir um atvikið og boðaðir til fundar. Nemandi getur átt það á hættu að vera vísað úr kennslustund án frekari fyrirvara. Einnig kemur til álita að veita nemanda skriflega áminningu á fundi með foreldri og/eða kallað eftir því að foreldrar sæki barn sitt. Ef nemandi veldum öðrum skaða eða eignartjóni er heimilt að víkja honum ótímabundið úr skóla. Það er þó ekki gert fyrir en aðrar leiðir hafa verið reyndar. Dæmi um alvarleg brot: Stöðug truflun á kennslu, ofbeldi, skemmdarverk, þjófnaður, vopn, brunakerfi sett af stað, hótanir, reykingar eða önnur vímuefnaneysla.

Málið til skólastjóra


Verði ekki breyting á framkomu við ofangreindar aðgerðir er málinu vísað til skólastjóra sem leitar úrlausna í samvinnu við umsjónarkennara, foreldra, ráðgjafa, skólaþjónustu Skólaskrifstofu og/eða aðra sem málið kann að varða. Skólastjóri getur ákveðið að aðrir fagaðilar komi að málinu s.s. námsráðgjafi, sérkennari eða sálfræðingur á öllum stigum málsins.

15. gr. Þegar málið er komið á þetta stig er brottvísun úr skóla ein af þeim leiðum sem koma til greina meðan verið er að leysa málið. Þó skal ávallt fullreyna áður aðrar úrlausnarleiðir.

Áður en ákvörðun um brottrekstur nemanda er tekin skal gefa foreldrum kost á að kynna sér gögn sem liggja til grundvallar fyrirhugaðri ákvörðun og koma á framfæri athugasemdum og andmælum, skv. 13. gr. stjórnarsýslulaga.

- Meðan mál er óútkljáð getur skólastjóri vísað nemanda úr skóla um stundarsakir eða ótímabundið, enda tilkynni hann formlega foreldrum nemanda og skólanefnd tafarlaust þá ákvörðun.
- Nemanda skal að jafnaði ekki vikið úr skóla lengur en eina viku sé um að ræða tímabundna brottvísun. Ef fyrirsjáanlegt er að skólastjóra takist ekki að leysa vanda nemanda á þeim tíma skal hann vísa málinu til skólanefndar sem beitir sér fyrir lausn málsins í samráði við sérfræðiþjónustu sveitarfélaga í samstarfi við foreldra.
- Sé nemanda vikið ótímabundið úr skóla skal skólastjóri strax tilkynna skólanefnd þá ákvörðun. Eftir að máli hefur verið vísað til skólanefndar ber hún ábyrgð á því að nemanda sé tryggð skólavist eða önnur viðeigandi kennsluúrræði eins fljótt og auðið er og aldrei síðar en innan þriggja vikna.
- Óheimilt er að víkja nemanda að fullu úr skóla nema honum hafi verið tryggt annað kennsluúrræði.

Takist ekki að leysa málið getur hvor aðili, foreldri eða skólanefnd, vísað ágreiningi til úrlausnar og úrskurðar mennta- og menningarmálaráðuneytisins.



Dæmi um úrræði þegar nemendur geta ekki eða vilja ekki bæta hegðun sína

- ✚ Nemandi vinnur námsverkefni sín í tiltekinn tíma án samneytis við félagi og án þess að fara í frímínútur og matartíma með þeim.
- ✚ Gerður hegðunarsamningur með skilyrðum.
- ✚ Reglulegir stöðufundir umsjónarkennara með forráðamönnum.
- ✚ Aðstoð og viðtöl námsráðgjafa.
- ✚ Tilvísun í sérúrræði.
- ✚ Tilkynning til barnaverndaryfirvalda.
- ✚ Tilvísun til skólasálfræðings.
- ✚ Fundur með öllum kennurum viðkomandi bekkjar.
- ✚ Nemanda vísað til skólalæknis eða hjúkrunarfræðings, t.d. vegna reykinga, vímuefnaneyslu eða annarrar áhættuhegðunar.
- ✚ Nemandi fluttur á milli bekkja og/eða hópa.
- ✚ Nemanda útveguð vinna tengd skólastarfinu.
- ✚ Foreldrar fylgi nemendum í skólanum í tiltekinn tíma.
- ✚ Foreldrar sækja barn sitt í skólann.
- ✚ Forréttindamissir.
- ✚ Nemanda útveguð skólavist í öðrum skóla.
- ✚ Stundaskrá nemanda skert.
- ✚ Annað ótalið hér að framan.



Skólasókn og punktakerfi

Óskað er eftir því að forráðamenn tilkynni veikindi til skólans á skrifstofu skólans í síma 555 1546 eða skrái í Mentor fyrir klukkan 8.30 á morgnana. Ef misbrestur verður þar á er litið svo á að um óheimila fjarvist sé að ræða. Standi veikindi yfir í nokkra daga ber að tilkynna þau fyrir hvern dag.

Óskir um leyfi frá skóla þurfa alltaf að koma frá forráðamönnum. Leyfi í einn til tvo daga geta forráðamenn sótt um til umsjónarkennara. Leyfi í þrjá daga eða lengur þarf að sækja um skriflega til stjórnenda á eyðublaði sem er á skrifstofu og á vefsíðu skólans.

Punktakerfi

(Gildir fyrir 7. til 10. bekk)

Kennarar skrá mætingar reglulega og grípa til ráðstafana um leið og punktastaða versnar. Á tveggja vikna fresti, að lágmarki, birta umsjónarkennarar nemendum punktastöðu þeirra og þannig getur hver og einn nemandi fylgst með skólasóknareinkunn sinni. Nemandi í 7.-10. bekk byrjar með skólasóknareinkunnina 10 að hausti og síðan aftur þegar vorönn hefst. Skólasóknareinkunn í 10. bekk miðast við skólaárið í heild.

Einkunnin lækkar samkvæmt eftirfarandi kerfi verði misbrestur á ástundun:

- ✚ Komið of seint: 1 punktur. Nemandi telst seinn, komi hann til kennslustofu eftir að kennslustund er hafin. Komi nemandi 15 mínútum of seint eða síðar, telst það óheimil fjarvist.
- ✚ Óheimil fjarvist: 2 punktar.

Punktar	Einkunn	Punktar	Einkunn
0	10	28 - 30	5,0
1-3	9,5	31 - 33	4,5
4-6	9,0	34 - 36	4,0
7-9	8,5	37 - 39	3,5
10-12	8,0	40 - 42	3,0
13 - 15	7,5	43 - 45	2,5
16 - 18	7,0	46 - 48	2,0
19 - 21	6,5	49 - 51	1,5
22 - 24	6,0	52 og fleiri	1,0
25 - 27	5,5		

Viðurlög

9 punktar: Umsjónarkennari ræðir við nemanda um skólasókn hans og hvað betur má fara og hefur jafnframt samband við forráðamenn viðkomandi. Leitað er leiða til að bæta ástundun nemandans. Umsjónarkennari gerir viðkomandi jafnframt grein fyrir hver framvinda málsins verður breytist skólasókn ekki til batnaðar.

24 punktar: Umsjónarkennari gerir nemanda og forráðamönnum grein fyrir stöðunni boðar þá til fundar ásamt deildarstjóra og úrbætur skipulagðar.

39 punktar og fleiri: Málinu vísað til skólastjóra sem gerir viðeigandi ráðstafanir, **sbr. 19. grein grunnskólalaga.**

Fyrir hverjar fjórar vikur sem nemandi fær ekki punkt getur hann bætt skólasóknareinkunn sína um 0,5.

Þátttaka nemenda við þrif eftir matmálstíma og þrif á skólalóð

Nemendur skiptast á að aðstoða skólaliða við að þrifa eftir matarhlé og frímínútur eftir ákveðnu skipulagi. Einnig skiptast bekkir skólans á að halda skólalóðinni þrifalegri. Hver nemandi getur búist við því að fá slík verkefni nokkrum sinnum á vetri.